

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um umferð í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Eftir tillögum hreppsnefndar Garðahrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hefur verið ákveðið, að framúrakstur ökutækja skuli vera bannaður á Hafnarfjarðarvegi á svæðinu milli Silfurtúns og Hraunsholtshæðar.

Verður vegurinn á þessu svæði merktur í samræmi við ákvæði þessarar auglýsingar.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 26. október 1966.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Stökkseyrar nr. 253 31. desember 1965.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd annast lagningu heimæða frá aðalveitunni að vatnsinntökum íbúðarhúsa, greiðir allan kostnað við þær og annast viðhald þeirra.

Hverjum húseiganda ber að greiða kostnað við tengingu heimæðar við vatnslögn sína, og einnig fyrir vatnslagnir að útihúsum. Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalveitu eða heimæðum vatnsveitunnar.

Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Heimilt er að krefja hvern þann aðila sem fær heimæð lagða frá aðalveitu um allt að 2500.00 í stofngjald.